

**Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]**

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967.)

**I. KAFLI**

**Inngangur og orðaskýringar.**

**1. gr.**

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

**2. gr.**

- a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
- b. *Rúmlest* er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.85 teningsmetrar.
- c. *Mánuður* er 30 náttu mánuður, eins og ákveðið er með sjómanna­lögum nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
- d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
- f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómí­lur frá sjálfu landinu.

- g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
- h. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

### 3. gr.

- a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skirteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skirteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.  
Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
- b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að  $\frac{1}{5}$  hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.

Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.

## II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

### 4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgöngumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

- a. þekki áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvisun;
- b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
- c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
- d. kunni að nota vegmæli og djúpæli í sambandi við sjókort;
- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota al-gengustu björgunartæki;
- f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
- g. þekki reglur um lífgun drukknadra manna;
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
- i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
- j. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðugum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgöngumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skirteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskirteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

**5. gr.**

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

**6. gr.**

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12—30 rúmlestir í 6 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

**7. gr.**

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

**8. gr.**

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
- c. sé minnst 18 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

**9. gr.**

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

**10. gr.**

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði; eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórarmenn.

**11. gr.**

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

#### 12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti í 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
- c. er eigi yngri en 19 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

### III. KAFLI

#### Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

#### 13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

#### 14. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;
- b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir; eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir; eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður; eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
- c. er 25 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

#### 15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

#### 16. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði; eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

#### 17. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannskirteini á verzlunarskipi.

#### 18. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskirteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur farmannapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík, enda fullnægi hann skilyrðum c- og d-liða 16. greinar.

Skirteini þetta gildir aðeins í sex mánuði frá því umræddu prófi er lokið.

#### 19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskirteini á varðskipum ríkisins.

#### 20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskirteini á varðskipum ríkisins, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
- c. er 25 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

### IV. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti;
- b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst;
- c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 60 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

#### 22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 300 rúmlestum séu að minnsta kosti 2 stýrimenn.

#### 23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

#### 24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skirteini, sem þar um getur. Skirteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgöngumálaráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skirteinis ber skirteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skirteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skirteini úr gildi. Sama er og ef skirteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskirteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skirteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

#### 25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skirteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

#### 26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskirteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skirteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skirteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

### V. KAFLI

#### Ákvæði ýmislegs efnis.

#### 27. gr.

Allir þeir, sem öðlazzt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum áður en lög þessi öðlazzt gildi, halda réttindum sínum óskertum.

#### 28. gr.

Samgöngumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram.

#### 29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 20 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 30. gr.

Þeir menn, sem öðlzt hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlzt rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.—8. gr. laga þessara.

#### 31. gr.

Lög þessi öðlzt þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, að því er til skipstjórnarmanna tekur, lög nr. 42/1947, lög nr. 30/1957, lög nr. 47/1958, lög nr. 35/1961 og lög nr. 65/1965, um breytingar á fyrstnefndum lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra. Vilja einstakir nefndarmenn taka það fram, að þeir hafi óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins. Frumvarp þetta var einnig flutt á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svofelldar athugasemdir:

Frumvarp þetta um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum er gert af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði hinn 5. ágúst 1965.

Í nefndinni áttu sæti Kristinn Gunnarsson fulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Gunnar Í. Hafsteinsson fulltrúi, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Hjörtur Magnússon fulltrúi og Jónas Sigurðsson skólastjóri.

Nefndinni var falið að endurskoða lög um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, að því er til skipstjórnarmanna og almennra ákvæða tekur. Hefur nefndin því starfað í samræmi við skipunina og tekið til athugunar ákvæði umræddra laga, er varða skipstjórnarmenn, og almenn ákvæði.

Á Alþingi því, sem nú situr, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum.

Samkvæmt því lagafrumvarpi hafa ákvæði laganna nr. 66/1946, um atvinnuréttindi vélstjóra, verið lögð fram sem sérstakt frumvarp og liggur því beint við að leggja þetta frumvarp fram sem sérstakt lagafrumvarp.

Gildandi lög um efni það, sem hér um ræðir, eru sett á árinu 1946. Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á lögnum, enda óhjákvæmilegt vegna breyttra aðstæðna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýri-mannaskólann í Reykjavík.

Er því tímabært að setja nú sérstök lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, ekki sízt með tilliti til hins ört vaxandi skipastóls landsmanna og breyttra atvinnu-hátta.

Þegar núgildandi lög voru sett um skipstjórnarmenn, var mikið framboð af þeim, enda um tiltölulega fá skip að ræða miðað við það, sem nú er.

Nú hefur orðið mjög mikil breyting á þessum málum og hefur skipastóll landsins margfaldast síðan gildandi lög voru sett.

Helztu breytingar samkvæmt þessu lagafrumvarpi frá gildandi lögum eru þessar:

1. Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verzlunar- eða varðskipi, eru felldar niður.

2. Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frumvarpið til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð.

3. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.

4. Nýmæli er það í frumvarpi þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5. Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er samkvæmt frumvarpi þessu stytur nokkuð, og ekki bundinn við utanlandssiglingar eins og áður var á verzlunarskipum.

Þá er og aldursmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6. Í frumvarpi þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

7. Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Skylda til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður.

#### *Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### I. kafli.

###### Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt, nema felldur er niður síðari málslíður um erlenda ríkisborgara.

###### Um 2. gr.

Felld eru niður ákvæði í h-, i- og k-liðum gildandi laga.

###### Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt, nema felld eru niður ákvæði um vélamenn. Þá er og vottorð frá skráningarstjóra talið jafngilda sjóferðabók.

##### II. kafli.

###### Um 4. gr.

Skilyrði um sundkunnáttu er felld niður, enda er nú lögleidd almenn sundskylda.

Talið er nægilegt vottorð tveggja trúverðugra manna um siglingatíma á 6—12 rúmlesta bátum, þar sem ekki er skylt að lögskrá á þá.

###### Um 5.—8. gr.

Greinar þessar fjalla um kröfur þær, sem gerðar eru til að öðlast réttindi á skipum allt að 120 rúmlestum.

Meginefni þeirra er hið sama og samkvæmt lögum nr. 30/1957 og framlengingu á þeim lögum frá 1962, en eru nú felld inn í þessi lög til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

###### Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að hið meira skipstjóraskrírteini á fiskiskipi sé hið sama og á verzlunarskipi, allt að 400 rúmlestir.



Um 10. gr.

Skilyrði samkvæmt b-lið 2. málsgreinar er breytt þannig, að af 18 mánaða stýrimannstíma þurfi minnst 6 mánaða yfirstýrimannstíma á skipum yfir 30 rúmlestir.

Um 11. gr.

Hér er um sams konar breytingu að ræða varðandi stýrimannsskírteini og er í 9. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 12. gr.

Samkvæmt b-lið lækkar aldursmark úr 16 árum í 15 ára aldur og siglingatími er stytur úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

Samkvæmt c-lið er aldursmark fært úr 21 ári í 19 ár.

III. kafli.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir einu skírteini til skipstjórnar á verzlunarskipum 400 rúmlesta og stærri.

Um 14. gr.

Aðalbreytingin samkvæmt þessari grein er sú, að fellt er niður skilyrði um siglingatíma í utanlandssiglingum.

Um 15. gr.

Samsvarandi breyting er hér gerð varðandi stýrimannsskírteini og í 13. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 16. gr.

Samkvæmt b-liðum er aldursmark fært í 15 ár og siglingatími stytur úr 48 mánuðum í 36 mánuði og skilyrði um utanlandssiglingatíma fellt niður.

Um 17.—18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að menn með prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar hljóti tímabundin réttindi sem undirstýrimenn á verzlunarskipum.

Um 19.—20. gr.

Fellt er niður ákvæði um rétt til skipstjórnar á varðskipum allt að hundrað rúmlestum.

Sérstakt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins er nú gert að skilyrði til skipstjórnarréttinda á varðskipum.

IV. kafli.

Um 21. gr.

Í síðustu málsgrein er skylda til að hafa stýrimann miðuð við 60 rúmlesta báta í stað 30 rúmlesta.

Um 22. gr.

Hér er miðað við, að á varðskipum 300 rúmlesta og stærri séu a. m. k. 3 stýrimenn og á minni varðskipum séu 2 stýrimenn.

Um 23. gr.

Grein þessi er í samræmi við lög nr. 64 14. maí 1965, um breytingu á lögum nr. 66 17. júlí 1946.

Um 24. gr.

Nýmæli í þessari grein um gildistíma atvinnuskírteinis er í samræmi við reglugerð nr. 165 16. sept. 1963, um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

Um 25.—26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

**V. kafli.**

**Um 27.—28. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Um 29. gr.**

Sektarákvæði er hækkað í allt að 20 000.00 kr.

**Um 30. gr.**

Þeir, sem hlotið höfðu réttindi til skipstjórnar á 75 rúmlesta skipum, hljóta nú réttindi á 120 rúmlesta skipum, án sérstakra skilyrða um siglingatíma.